

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1470  
komudagur 22.4.2005

Skeljungur hf. hefur fengið til umsagnar frá Samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Skeljungur hf. gerir engar aths. við málið.

Starfsemi félagsins er ekki háð almennu rekstrarleyfi skv. núgildandi lögum og fellur þar undir j. lið 3. gr. laganna, sbr. orðskýringuna **Vöruflutningar og efnisflutningar í eigin þágu.**

Verði frumvarpið að lögum fellur starfsemin áfram undir j lið 3. gr., sbr. orðskýringuna **Farmflutningar í eigin þágu** og felur það ekki í sér neinar breytingar fyrir félagið.

Sé óskað frekari upplýsinga, eru þær fúslega veittar af undirrituðum.

Með kveðju,  
SKELJUNGUR HF.

Ólafur Jónsson